

101. Fundur rekstrarnefndar Klausturhóla haldinn 18/11 2014 kl 13:00 í fundarsal Skaftárhrepps

Mætt eru á fundinn Kjartan Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Einar Bárðarson, Sigurlaug Jónsdóttir og Sigurður Árnason. Rannveig Bjarnadóttir fulltrúi starfsmannan og Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri Klausturhóla.

Kjartan Magnússon formaður setur fundinn

1. Farið yfir áherslur úr fundargerð frá síðusta fundi rekstrarnefndar
 - a) Breytingar á hjúkrunar og dvalarrýmum. Anna Gyða fer yfir stöðu málsins og er að vinna í breytingum á skipulagi dvalar- og hjúkrunarrýma.
 - b) Brunamál eru í vinnslu en eftir er að skoða rafmagnsmál heimilssins
 - c) Búið er að hafa samband við Framkvæmdasjóð aldraðra vegna áður samþykktar styrkja frá Framkvæmdasjóðnum og hefur fulltrúi frá framkvæmdarsjóðnum komið austur til að taka út þær framkvæmdir sem búið er að vinna.
 - d) Styrkbeiðni á móti húsaleigu ársins 2014 hefur fengist samþykktur hjá sveitarstjórn og var styrkbeiðni nefndarinnar vegna ársins 2015 verið sendur til fjárhagsáætlunar Skaftárhrepps ársins 2015.

Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri mætir á fundinn til að fara yfir lið 2 og 3 í fundargerð með Rekstarnefnd


2. Yfirferð yfir 10 mánaðastöðu reksturs Klausturhóla. Rekstur heimilisins er í góðu jafnvægi. Tekjur og gjöld eru bæði umfram áætlun síðasta árs. Samþykkt að formaður óski eftir fundi við sveitarstjórn til að ræða viðskiptaskuld við Skaftárhrepp. Ræða á stöðu viðskiptaskuldarinnar með það að markmiði að ljúka málinu.
3. Fjárhagsáætlun ársins 2015. Nefndarmenn ræða lækun á launum og launatengdum gjöldum milli ára í áætlun. Laun og launatengd gjöld eru áætluð þau sömu og árið 2013 og skýrist það af hagræðingu í rekstri. Launagjöld voru hærri árið 2014 vegna mannabreytinga á árinu. Gert er ráð fyrir rekstrarafgangi í rekstri heimilissins en ljóst er að fylgja þarf áætluninni stíft til að hún standist. Rekstarnefnd samþykkir áætlunina og vísar henni til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Eygló fer af fundi.

4. Önnur mál.
 - a) Rætt um drög að samningi við Hsu og samþykkt að skipa vinnuhóp á vegum nefndarinnar til að halda áfram vinnu við samninginn. Vinnuhópin skipa Anna Gyða Gunnlaugsdóttir, Sigurður Árnason, Auðbjörg Bjarnadóttir og fulltrúum rekstrarnefndar. Anna Gyða kallar hópinn saman til fyrsta fundar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl 14:05


Einar Bárðarson

Elín Heiða Valsdóttir

Einar Bárðarson

Sigurlaug Jónsdóttir

